

## Formáli ritstjóra

*Ritröð Guðfræðistofnunar* inniheldur að þessu sinni fimm greinar, eina ritdómsritgerð og einn ritdóm. Í greinunum er tekist á við þýska guðfræðinginn Dietrich Bonhoeffer, kirkjuskipan íslensku þjóðkirkjunnar fyrir 21. öldina, áhrif Biblíunnar á bresku þungarokkshljómsveitina Iron Maiden, sögu og mótun hugtaksins *religio(n)* í gegnum tíðina og dýramyndmál í Gamla testamentinu.

Gunnar Kristjánsson skrifar um þýska guðfræðinginn Dietrich Bonhoeffer en í ár eru liðin sjötíu ár frá því að nasistar tóku hann af lífi í lok seinni heimstyrjaldarinnar. Saga Bonhoeffers er rakin í því sambandi með sérstakri áherslu á andófsmanninn Bonhoeffer. Enn fremur er fjallað um guðfræði Bonhoeffers samkvæmt *Fangelsisbréfum* hans þar sem myndugleiki trúarinnar, guðshugtakið, pólitísk ábyrgð kristins manns og reynslan sem meginforsenda guðfræðinnar eru sérstaklega rædd.

Í þriðju og síðustu grein sinni um kirkjuskipan íslensku þjóðkirkjunnar fyrir 21. öldina greinir Hjalti Hugason þá stefnu sem ríkjandi hefur verið við endurskoðun á þjóðkirkjulögunum. Færð eru rök fyrir því að þjóðkirkjunni beri að beita sér áfram fyrir auknu sjálfstæði gagnvart ríkisvaldinu. Í lok greinarinnar er sett fram tillaga að kirkjuskipan í fjórum þrepum sem miða að þessu aukna sjálfstæði.

Rúnar M. Þorsteinsson fjallar um áhrif Biblíunnar á bresku þungarokkshljómsveitina Iron Maiden, einkum og sér í lagi í laginu „The Number of the Beast“ frá árinu 1982, en á grunni þess voru hljómsveitarmeðlimir sakaðir um djöfladýrkun. Enn fremur er fjallað almennt um biblíuleg áhrif á hljómsveitina.

Sólveig Anna Bóasdóttir skrifar um merkingu og mótun hugtaksins *religio(n)*, einkum í ljósi nálgunar Wilfreds Cantwell Smith og Williams T. Cavanaugh á efninu. Sú nálgun er síðan metin andspænis staðhæfingum Friedrichs Schleiermacher um *religio(n)*. Í kjölfar þess er spurningunni varpað fram hvort mögulegt sé að endurspegla þá merkingu sem Schleiermacher lagði í hugtakið *religio(n)* í nýrri íslenskri þýðingu. Greininni lýkur á vangaveltum um slík merkingarvandamál út frá mótunarhyggju og póststrúktúralisma.

Yvonne Sophie Thöne ræðir um guðfræðilegt dýramyndmál í Gamla testamentinu. Þannig er Guði t.d. lýst sem hrægammí, ljóni og birni. Slíkt myndmál tjáir ekki aðeins föðurlegt og kærleiksríkt eðli Guðs heldur einnig hættulega og árásargjarna hlið hans. Dæmigerð hegðun dýra er þannig yfirfærð á Guð og öfugt, með þeim afleiðingum að mörkin á milli guddómsins og dýra verða óljós og hverfa.

Í umfangsmikilli ritdómsritgerð skrifar Sigurjón Árni Eyjólfsson svo um bók Gunnars Kristjánssonar, *Marteinn Lútber – Svipmyndir úr siðbótarsögu*, og gerir grein fyrir arfleifð frjálslyndrar guðfræði í því ljósi.

Rúnar M. Þorsteinsson